

## AUGLÝSING


### um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa.

Borgarráð samþykkti eftirfarandi nýjar reglur um bílastæðakort íbúa með tilheyrandi yfirlitskorti yfir bílastæðasvæði dagsett 27. janúar 2002 á fundi sínum þann 7. maí 2002, með tilvísun til 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. jafnframt reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

1. Íbúar í Reykjavík með lögheimili við götur þar sem bílastæði utanhúss eru gjaldskyld og ekki hafa aðgang að bílastæði á lóð sinni, geta sótt um að fá keypt bílastæðakort íbúa („íbúakort“). Slíkt kort veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds á stöðueða miðamælastæði innan þess svæðis, sem kortið gildir fyrir.
2. Gildissvæði íbúakorta eru þrjú, nánar tilgreind á sérstöku yfirlitskorti sem fylgir þessum reglum. Svæði A er vestan Kvosar, svæði B er austan Kvosar og sunnan Laugavegar, og svæði C er austan Kvosar og norðan Laugavegar. Kortin gilda ekki á stæðum á gjaldsvæði I.  
Íbúakortið gildir á svæðinu þar sem umsækjandi býr. Íbúar á gjaldsvæði I geta þó valið á milli svæðanna þriggja, A, B og C.
3. Umsækjandi þarf að vera skráður eigandi eða umráðamaður bifreiðarinnar sem sótt er um kort fyrir. Sé bifreiðin í eigu fyrirtækis en til einkanota þarf að skila inn yfirlýsingu frá fyrirtækinu þess efnis.
4. Heimilt er að gefa út allt að 2 kortum pr. íbúð.
5. Á íbúakort er skráð bílnúmer, raðtala korthafa og gildistími. Því skal komið fyrir á mælaborði innan framrúðu svo vel sé læsilegt utanfrá.  
Ekki er heimilt að framselja íbúakort eða nota fyrir aðra bifreið en þá sem það er gefið út fyrir.
6. Sótt er um kortin hjá *Bílastæðasjóði Reykjavíkur*, Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík, á þar til gerðu umsóknareyðublaði.
7. Kortið kostar kr. 3.000 og gildir í eitt ár frá lokum útgáfumánaðar. Sama gildir um endurnýjun korta og endurútgáfu vegna breytinga á bílnúmeri. Sækja þarf um endurnýjun með að minnsta kosti viku fyrirvara áður en kort rennur út.  
Breytist aðstæður korthafa, svo sem vegna flutnings, kaups og/eða sölu bifreiðar eða af öðrum ástæðum sem valda því að skilyrði til útgáfu íbúakorts eru ekki lengur uppfyllt ber að skila kortinu til útgefanda.
8. Misnotkun kortsins, svo sem ef kort er flutt milli bifreiða eða svæða, varðar missi kortsins án endurgreiðslu á eftirstandandi gildistíma þess.
9. Reglur þessar taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum, og þá falla úr gildi eldri reglur um íbúakort frá 16. júní 1992.

*Reykjavík, 3. janúar 2003.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,  
e.u. **Hjörleifur Kvaran.**

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ****um skil á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds.**

## 1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur, eigi sjaldnar en mánaðarlega, skila sérstakri skilagrein og því staðgreiðslufé sem honum bar að halda eftir af launum og reiknuðu endurgjaldi. Staðgreiðslan nær til útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds þar með talið er gjald til ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, markaðsgjald og slysatryggingariðgjald af launum sjómanna.

Þeir launagreiðendur sem fullnægja skilyrðum um ársskil skulu senda skilagrein og standa skil á skilafé 2. janúar ár hvert.

## 2. gr.

Skilafé skv. 1. gr. ber að skila inn á bankareikning sem er í vörslu Seðlabanka Íslands eða á skrifstofu innheimtumanns ríkissjóðs sbr. 5. gr.

Fyrir tekjuárið 2002 skal greiða inn á bankareikning nr. 25009.

Frá og með tekjuárinu 2003 skal greiða inn á bankareikning nr. 25111.

Bankar og sparisjóðir taka við skilagreinum og greiðslum samkvæmt skilagreinum. Einnig er unnt að greiða með rafrænum hætti, þar með talið skjálínu, bankalínu og í heima-banka, sbr. 3. gr.